

## UMHVERFISVAKTIN

### Samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og félagasamtaka um umhirðu bæjarlandsins

Núna verður farið af stað með verkefnið „Umhverfisvaktin“ aftur. Verkefnið snýr að umhirðu og fegrun bæjarins og er markmiðið eftir sem áður að efla umhverfisvitund íbúa, fegurri bær og aukin hreinsun.

**Félögum og hópum** í Hafnarfirði stendur til boða að **vakta umhverfið**, þ.e. taka að sér að sjá um hreinsun á skilgreindu landsvæði, gegn fjárstyrk til starfseminnar.

#### Styrkir til starfsemi:

Miðað er við að greiðsla fyrir hvert svæði geti að hámarki orðið **kr. 100.000.- kr.** sem skiptist þannig:

- 50.000.- kr. fyrir hvert skipti, eða að hámarki 100.000.- kr. fyrir hvert svæði

#### Framkvæmd:

Bænum hefur verið skipt upp í tólf svæði, sjá nánar á heimasíðu bæjarins hafnarfjordur.is. Á hverju svæði er lögð áhersla á að hreinsa rusl og drasl með aðalstígum og stofnbrautum, með lækjum/tjörnum, strandlengju, á náttúrulegum hraunasvæðum og opnum/grænum rýmum. Áherslur innan svæða eru nánar skilgreindar á korti og texta á því.

**Hópar skulu fara um og hreinsa sitt svæði 2 sinnum á ári**, þ.e. 1 skipti á tímabilinu 1. maí - 1. júní og 1 skipti á tímabilinu 1. – 30. september.

Framkvæmdarsvið bæjarins getur sett fram sérstakar áherslur á hverju svæði í hverri yfirferð, þyki ástæða til.

#### Hópar:

Öllum félögum, samtökum og hópum í Hafnarfirði stendur til boða að sækja um þátttöku í Umhverfisvaktinni. Á hverju svæði verður einn hópur og alls geta 12 hópar gengið til samstarfs við bæinn í verkefninu. Við úthlutun á svæðum verður tekið tillit til samsetningar hópsins og gerðar svæðis, þ.e. hvernig það er yfirferðar.

Hver hópur skal hafa hópstjóra sem sér um samskipti við Framkvæmdarsvið bæjarins og skipuleggur í samráði við það hvenær farið er í hreinsun og hvernig staðið verður að henni.

Sæki hópar skipaðir börnum eða unglíngum um þátttöku (t.d. yngri flokkar íþróttafélaga eða skátaflokkar) verður farið fram á að hópstjóri og ábyrgðaraðili verði fullorðinn og ennfremur að fullorðnir starfi með börnunum við hreinsunina. Ástæður þess eru fyrst og fremst öryggiskröfur þar sem hreinsunin mun fara fram þar sem hættur geta leynst nærri s.s. við umferðargötur, læk og strönd.

Verði umsóknir fleiri en svæðin verður leitast við að velja hópa með fjölbreytilega starfsemi til verksins.

Í umsókn hópa þurfa að koma fram a.m.k. þessar upplýsingar

- Nafn félags/samtaka/hóps
- Helstu markmið og tilgangur félagsins
- Stutt greinargerð um starfsemina síðastliðin 3 ár
- Fjöldi félaga og aldursdreifing (börn, unglingar og fullorðnir)
- Hverjir munu vinna verkið (ef barna/unglinga hópur, hverjir vinna með þeim?)
- Hvernig nota á styrkinn
- Óskir um svæði ef einhverjar eru
- Nafn og upplýsingar um hópstjóra (heimilisfang, sími, netfang)

#### **Framkvæmdarsvið Hafnarfjarðar:**

Starfsmenn Framkvæmdarsviðs Hafnarfjarðar munu hafa eftirlit með framkvæmd og vinnu á hverju svæði fyrir sig, meta hvernig staðið er að framkvæmd og koma með tillögur til úrbóta eftir því sem ástæða er til svo og sjá um að koma ruslinu til förgunar.

Hægt verður að fá ruslapoka hjá Framkvæmdarsviði, óski hópar eftir því.

**Umsókn um þátttöku** óskast send á tölvupósti á pósthfangið [ishmael@hafnarfjordur.is](mailto:ishmael@hafnarfjordur.is).

Umsókn þarf að berast fyrir 10.apríl 2019.

Upplýsingar og gögn, þar meðal kort af svæðunum, má nálgast á vef Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) og í þjónustuveri bæjarins að Strandgötu 6. Frekari upplýsingar fást hjá Ishmael David ( [ishmael@hafnarfjordur.is](mailto:ishmael@hafnarfjordur.is) ) S:585-5500.